

Fundargerð 133. fundar stjórnar Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða.

Fundur haldinn að Geirsgötu 9, þriðjudaginn 28. febrúar 2017, kl. 08:30.

Viðstaddir: Albína Thordarson formaður, Anna G. Sverrisdóttir, Halldór Halldórsson og Sævar Skaptason.

Frá FMS: Guðrún Dóra Brynjólfssdóttir, Hjörleifur Finnsson og Ólöf Ýrr Atladóttir ferðamálastjóri.

Dagskrá:

1. Fundargerð 131 og 132
 - a) Fundargerðir samþykktar og þær undirritaðar.
2. Umsóknarferli FF12- 2017
 - a) Bréf til ráðherra með tillögum að styrkjum 2017 (FF12) ásamt fylgiskjölum samþykkt og undirritað.
3. Önnur mál
 - a) Albína greindi frá símatali sem hún fékk frá Kristjáni Skarphéðinssyni, ráðuneytisstjóra ANR í gærkvöldi, vegna óska Stjórnstöðvar um að Framkvæmdasjóður ferðamannastaða styrkti verkefnið **Ölduspá- og viðvörunarkerfi í Reynisfjöru**. Kristján sendi svo tölvupóst með erindi Stjórnstöðvar í morgun, en þar segir:

„Vinnuhópur Stjórnstöðvar ferðamála um forgangsverkefni í öryggismálum ferðamanna - sem í sátu fulltrúuar ANR, IRR, FJR, lögreglunnar, Landsbjargar, Landhelgisgæslu, Ferðamálastofu, SAF og Stjórnstöðvar ferðamála - gefur tilteknum úrbótum í Reynisfjöru næsthæstu einkunn allra öryggisverkefna sem hægt er að ráðast í á fyrri hluta ársins. Einkunnin er gefin með tilliti til bæði ávinnings og framkvæmanleika.

Verkefnið virðist falla vel að hlutverki Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða.“

Albína sagðist hafa greint Kristjáni frá því að hún teldi þetta verkefni ekki vera á starfssviði sjóðsins en benti honum jafnframt á að í úthlutun á síðasta ári hefðu 51 m.kr. verið skildar eftir til ráðstöfunar ráðherra vegna sérstakra aðgerða í öryggismálum á vegum Stjórnstöðvar. Kristján spurði í hvað þessar 51. m.kr. hefðu átt að fara, hvers vegna þær hefðu ekki verð notaðar og hvort nýta mætti þær í þetta verkefni? Albína sagðist ekki hafa annað svar við því en að sex samningar hefðu verið gerðir að upphæð innan við 8 m.kr. alls og búið væri að greiða út um 2,5 m.kr. vegna þeirra.

Stjórn sjóðsins er sammála um að vandséð sé að styrkur til verkefnisins **Ölduspá- og viðvörunarkerfi í Reynisfjöru** falli undir verksvið sjóðsins samkvæmt lögum. Hins vegar er kannski hægt að koma því inn í 51 milljón króna pakkann sem skilin var eftir í sjóðnum fyrir Stjórnstöð til að fara í þau brýnu verkefni sem Stjórnstöðin hafði sett á forgagnslista sinn. Þar hafa nokkur verkefni ekki gengið eftir eins og til stóð.

- b) Hjörleifur og Guðrún upplýstu um vinnufund FMS sem haldinn var miðvikudaginn 22. febrúar sl. vegna stöðu eldri mála (FF1 – FF10). Í kjölfarið var farið í stjórnsýslulega meðferð málanna.
- c) Önnur mál:
 - a. Stjórn óskar eftir því að fá Sólrunu rekstrastjóra á fund til að fara yfir stöðu mála.
 - b. Anna spurðist fyrir um;
 - i. Hvort að ársreikningurinn fyrir 2016 væri kominn?
 - i. Ferðamálastjóri svaraði því til að ekki væri vitað hvenær Fjársýsla ríkisins kláraði það verk.
 - ii. Hvort hægt væri að laga eða breyta uppröðun mála í stjórnargáttinni þannig að „Móðurmálið“ komi fyrst? (en þegar nýtt umsóknarferli fer í gang er stofnað svokallað „Móðurmál umsókna“ sem hefur sérstakt númer)
 - i. FMS stofnar ekki móðurmálið heldur er það í höndum þeirra sem reka One Systems. Þeir hafa áður svarað því til að málsnúmerið fer eftir hvenær það er stofnað; ári, mánuði og svo í þeirri röð sem stofnað er til þeirra í mánuðinum. Ekki er auðvelt að breyta þessu.

Næsti fundur

21. mars 2017

Fundi slitið kl. 10:39

Fundargerð ritaði : Guðrún Dóra Brynjólfssdóttir sérfræðingur FMS.

Undirskriftir stjórnarmanna

The image shows four handwritten signatures in blue ink. From top to bottom, the names correspond to the initials in the list: Guðrún Dóra Brynjólfssdóttir, Anna G. Sverrisdóttir, Þaudur Þaudur, and Sóon.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir, ráðherra ferðamála
Skúlagötu 4
101 Reykjavík

Framkvæmdasjóður ferðamannastaða

Reykjavík 28. febrúar 2017

Efni: Tillögur að úthlutun styrkja 2017 úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða

Á fundi sínum þann 28. febrúar samþykkti stjórn Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða meðfylgjandi tillögur að úthlutun styrkja úr sjóðnum, sem hér með eru sendar ráðherra til ákvörðunar.

Auglýst var eftir umsóknum þann 24. september 2016 í Fréttablaðinu og 6. október 2016 í Bændablaðinu, en umsóknarfrestur var frá og með 3. október til miðnættis 25. október 2016.

Alls bárust 237 umsóknir um styrki að upphæð kr. 3.363.221.402,- til verkefna að upphæð kr. 4.113.883.071,-. Til úthlutunar að þessu sinni eru kr. 609.935.555,-. Af innendum umsóknum voru 57 ekki taldar uppfylla formkröfur sjóðsins eða falla utan verksviðs hans skv. lögum nr. 75/2011.

Að þessu sinni er mælt með því að úthluta til alls 58 verkefna, samtals að upphæð kr. 609.928.024,-. Af þessum verkefnum teljast sex hafa uppbyggingu nýs ferðamannaseguls (til dreifingar á álagi) að aðalmarkmiði, átta hafa öryggi, sjö náttúruvernd, þrjátíu náttúruvernd og öryggi jöfnum höndum. Sjö snúa að uppbyggingu innviða þar sem aðalmarkmið er ekki hægt að skilgreina nánar. Hæsta einstaka tillagan er um styrk að upphæð kr. 60.000.000,- til að hefja framkvæmdir samkvæmt nýju deiliskipulagi í Landmannalaugum. Verkefnið er álið afar brýnt og er um vatnaskil að ræða í uppbyggingu þessa vinsælasta ferðamannastaðar á hálandinu.

Tillögur stjórnar Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða eru unnar út frá lögum nr. 75/2011 og reglugerð nr. 20/2016.

Virðingarfullst,

Albína Thordarson formaður

Halldór Halldórsson

Anna G. Sverrisdóttir

Sævar Skaptason

Fylgigögn tillagna:

FF12 2017 - Tillaga að styrkþegum ásamt rökstuðningi fyrir úthlutun

FF12 2017 - Tillaga að styrkþegum skv. landshlutum

FF12 2017 - Heildaryfirlit styrkumsókna

FF12 2017 - Gæðamatsblað umsókna

FF12 2017 - Stigagjöf gæðamats

FF12 2017 - Auglýsing birt þann 25. september og 6. október 2016

FF12 2017 - Reglugerð um starfsreglur Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða